

**24. fundur fjallskilanevndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps
haldinn í Svörtuloftum, fundarsal í ráðhúsi Vesturbyggðar 17. september
2020 og hófst hann kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Guðni Ólafsson (GÓ), Sveinn Eyjólfur Tryggvason (SET), Rebekka
Hilmarsdóttir (RH) og Ólafur Þór Ólafsson.

Fundargerð ritaði: Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri

Víðir Hólm Guðbjartsson boðaði forföll.

Dagskrá:

1 Fjallskil 2020 - 2008019

Lagðar fram athugasemdir við fjallskilaseðil 2020, þ.e. athugasemdir frá Jóhanni Pétri Ágústssyni og Halldóru Ingibjörgu Ragnarsdóttur, dags. 7. september 2020, Marinó Bjarnasyni og Freyju Magnúsdóttur, dags. 10. september 2020, Ásgeiri Sveinssyni, dags. 10. September 2020 og Pálínu Kr. Hermannsdóttur dags. 12. september 2020.

Fjallskilanevnd þakkar fyrir innsendar athugasemdir. Fjallskilaseðilinn 2020 var uppfærður miðað við þær athugasemdir sem unnt er að bregðast við að svo stöddu.

Bæjarstjóra Vesturbyggðar og sveitastjóra Tálknafjarðarhrepps falið að birta uppfærðan fjallskilaseðil 2020 og svara öðrum ábendingum og athugasemdum með skriflegum hætti til framangreindra bréfitara í samræmi við umræður á fundinum.

2 Kortlagning beitilanda sauðfjár - Landgræðslan - 2003037

Lagt fram erindi frá Landgræðslunni dags. 19. mars 2020. Í erindinu er kynnt ástandsmat gróðurs og jarðvegs á öllu Íslandi og kortlagning þeirra svæða sem eru nýtt eru fyrir sauðfjárbeit og þau svæði sem ekki geta flokkast sem beitilönd. Í erindinu er óskað eftir rýni á fyrirliggjandi kortagögnum og athugasemdum þeim tengdum ef einhverjar eru. Erindinu var vísað til fjallskilanevndar af skipulags- og umhverfisráði Vesturbyggðar á 71. fundi ráðsins. Einnig var lagt fram ástandskort yfir beitilönd úr GróLind.

Fjallskilanevnd gerir ekki athugasemdir við flokkun skv. framlögðu korti um ástand beitilands í sveitarfélögunum tveimur.

3 Fjallskil 2018, vanefni á greiðslum. - 1912007

Lagður fram tölvupóstur Bændasamtaka Íslands, dags. 4. júní 2020 þar sem gerðar eru athugasemdir við bréf bæjarstjórans í Vesturbyggð dags. 11. febrúar 2020 og þess óskað að athugasemdirnar verði teknar fyrir hjá fjallskilanevnd ásamt því að ítrekuð er krafa frá Marinó Bjarnasyni og Pálínu Hermannsdóttur, um að reikningar vegna fjallskila 2018 verði greiddir án tafar.

Fjallskilanevnd bendir á að þar sem engum fjármunum hafi verið til að dreifa í fjallskilasjóði, þar sem hann hafði ekki verið stofnaður fyrr en 1. janúar 2020, hafi nefndin ekki getað ákveðið án aðkomu bæjarstjórnar Vesturbyggðar og sveitarstjórnar

Tálknafjarðahrepps að greiða umrædda reikninga. Á 18. fundi fjallskilaneftdar Vesturbyggðar og Tálknafjarðar 29. janúar 2019 var eftirfarandi bókað: "Nefndin fór yfir fjallskilakostnað fyrir árin 2014 til 2018 og útistandandi kostnað vegna fjallskila 2018. Nefndin leggur til við sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps og bæjarstjórn Vesturbyggðar að greiddur verði úr sveitarsjóði sveitarfélaganna kostnaður vegna fjallskila á árinu 2018 skv. 46. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil og fl. nr. 6/1986." Bæjarstjórn og sveitarstjórn höfnuðu tillögunni þar sem ekki lágu fyrir skýrar heimildir til greiðslu þessa kostnaðar úr sveitarstjóðum, né hafi verið gert ráð fyrir slíkum útgjöldum í fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna. Málið var því tekið upp að nýju á 19. fundi fjallskilaneftdar þann 14. ágúst 2019 þar sem greiðslu reikninganna var hafnað og tilkynnt var um það með bréfi dags. 16. ágúst 2019.

Fjallskilaneftnd felur bæjarstjóra Vesturbyggðar að svara erindi Bændasamtaka Íslands.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.17:28.

Guðni Ólafsson (GÓ)

Sveinn Eyjólfur Tryggvason
(SET)
